

Svæðisráð norðursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs

Fundur 9. febrúar 2016, 13:00-16:30

Laugum í Reykjadal – Seiglu Þekkingarsetri

Mætt:

Óli Halldórsson, Grétar Ingvarsson, Ásvaldur Sævar Þormóðsson, Arnheiður Jóhannsdóttir, Sigprúður Stella Jóhannsdóttir, Böðvar Pétursson og Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður.
Óli stýrði fundi og ritaði fundargerð.

1. Deiliskipulag Ásbyrgi

Svæðisráð ræddi deiliskipulagstillögu fyrir Ásbyrgi, sem áður hefur verið til umfjöllunar. Fyrir liggur að drög að deiliskipulagi verði kynnt opinberlega á næstunni. Eftirfarandi atriði ákveðin og óskað eftir því að skipulagsráðgjafi framfylgi þeim:

- ÓH lagði fram tillögu um að fylgt verði deiliskipulagstillögu nr. 1 og sú tillaga sett fram sem drög til kynningar. Þannig verði gert ráð fyrir byggingarreit fyrir hótél við kletta í austurjarðri mannvirkjabeltis í mynni Ásbyrgis. Í deiliskipulagstillögu verði útfærðar kröfur um útlitshönnun og efnisval sem falli vel að markmiðum þjóðgarðsins.
- Svæðisráð leggur til að „tunga“ út úr skipulagsupprættinum til vesturs í átt að afleggjara að Meiðavöllum, verði tekin út.
- Svæðisráð leggur til að á svæði milli Gljúfrastofu og núverandi tjaldstæðis, verði ekki gert ráð fyrir byggingum (smáhýsum).

Liðir (b) og (c) samþykktir samhljóða.

Liður (a) samþykktur með atkvæðum Óla, Böðvars, Arnheiðar, Grétars og Ásvaldar. Sigprúður Stella móttfallin og lagði fram eftirfarandi bókun um (a)-lið:

„Ég get ekki tekið undir staðsetningu á hótellóð undir klettum Ásbyrgis eins og hún er sýnd í tillögu 1. Með þessu er gengið gegn þeim meginhugmyndum/forsendum sem eru í eldra skipulagi um að halda í núverandi ásýnd og útsýni inn í Ásbyrgi. Með hótellóð á þessum stað skerðist náttúruleg ásýnd Ásbyrgis og útsýni af þjóðvegi inn í Ásbyrgi verður ekki samt sem áður. Einnig mun útsýni frá Gljúfrastofu á klettana í Ásbyrgi skerðast og þar með upplifun þeirra gesta sem heimsækja Gljúfrastofu, Ásbyrgi og ganga eftir Ásbyrgisbarmi. Ekki verður hægt að njóta heildarmyndarinnar eins og áður. Með hóteli á þessum stað eru gönguleiðir frá Gljúfrastofu inn á náttúrusvæði þjóðgarðsins einnig rofnar af vegi að hóteli. Þær forsendur sem lágu til staðsetningar Gljúfrastofu með góðu útsýni inn í Ásbyrgi og góðum gönguleiðatengingum við önnur náttúrusvæði þjóðgarðsins eru þar með brostnar. Það hefði mátt vanda betur vinnubrögð við gerð deiliskipulagstillögu á þjónustusvæði Vatnajökulsþjóðgarðs í Ásbyrgi, skoða svæðið betur og setja upp og ræða fleiri tillögur af staðsetningu hótels, kosti þeirra og galla. Þess skal og getið að svæðisráð hefur aldrei farið á staðinn til að skoða aðstæður í þessum tilgangi eins og þyrfti að gera þegar verið er að skipuleggja eitt af helstu þjónustusvæðum þjóðgarðsins.

Einnig vil ég ítreka að hótél þarf gott rými og möguleika til stækkunar. Þessi lóð er takmörkuð, m.a. vegna viðkvæms umhverfis hennar, þ.e. einstaks landslags. Á sama hátt þurfa einstök náttúrufrýrbæri sitt rými til að njóta sín og svo aðrir geti notið þeirra. Við eigum að læra af öðrum þjóðum sem eru í síauknum mæli að færa mannvirki eins og hótél frá náttúruþerlum frekar en að staðsetja þau ofan í þeim. Það er eitthvað sem menn gerðu áður en gera ekki í dag.

Að lokum er ekki sjálfgefið að Vatnajökulsþjóðgarður geri ráð fyrir lóðum undir hótél innan þjóðgarðsins á landi sem er í ríkiseigu. Hvaða fordæmisgildi hefur það fyrir önnur svæði þjóðgarðsins? Mér finnst eðlilegt að stjórn þjóðgarðsins taki afstöðu til þessa. Einnig þarf að skoða þetta með tilliti til eignarhalds á landi í Ásbyrgi en Skógrækt ríkisins er enn formlegur landeigandi að þessu svæði.“

2. Deiliskipulag við Svartá (sunnan Dyngjufjalla), staða

Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi fyrir smávirksjun við Svartá (sunnan Dyngjufjalla).

Svæðisráð telur umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á lífríki af skornum skammti, s.s. á fugla, fiskgengd og gróður. Svæðisráð telur umfjöllun um þessa deiliskipulagsáætlun draga fram nauðsyn þess að skerpa á vinnulagi við skipulagsmál innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Þannig verði hlutverk svæðisráða í skipulagsgerð skýrt í samhengi við hlutverk stjórnar/framkvæmdastjóra. Svæðisráð bendir einnig á að í gildandi stjórnunar- og verndaráætlun er ekki gert ráð fyrir framkvæmd þessari þótt sú áætlun sé í breytingarferli.

3. Fjármálaáætlun Vatnajökulsþjóðgarðs og forgangsröðun

Farið var yfir gögn sem bárust frá stjórn/framkvæmdastjóra um fjármálaáætlun þjóðgarðsins, forgangsröðun o.fl. Svæðisráð fékk gögnin með afar skömmum fyrirvara og er óraunhæft að ráðið geti tekið afstöðu til allra efnispátta á þessu stigi. Svæðisráð fór þó stuttlega yfir forgangsröðun sem fram kemur í gögnunum (töflu í fylgiskjali 3). Ráðið vill koma eftirfarandi á framfæri:

(a) Umfjöllun um gestastofu í Mývatnssveit (liður VFV12-skjal 3):

Svæðisráð metur þörf á gestastofu í Mývatnssveit forgangsmál. Afar brýnt er að gera Vatnajökulsþjóðgarð sýnilegri á þeirri gátt inn á hálendið sem Mývatnssvæðið er. Um er að ræða mjög fjölsóttan ferðamannastað og er mjög mikilvægt að bæta úr því hversu þjóðgarðurinn er óaðgengilegur á þessum mikilvæga stað.

(b) Umfjöllun um framkvæmdir við Ásbyrgi (liður VFV4-skjal 3):

Svæðisráð telur einnig framkvæmdir í Ásbyrgi forgangsmál, þ.e. einkum að klára frágang við Gljúfrastofu þar sem nú er malarbilastæði og umhverfisþættir aðrir ófrágengnir.

Það er mat svæðisráðs að mikilvægt sé að ofangreind atriði komi fram í umræddu plaggi.

4. Ráðning þjóðgarðsvarðar, staða

Farið yfir stöðu varðandi fyrirhugaða ráðningu þjóðgarðsvarða á Norðursvæði.

Svæðisráð hefur haft samráð við framkvæmdastjóra varðandi lagalega umgjörð ráðninga þjóðgarðsvarða. Fyrir liggur ákvörðun stjórnar um að ráða tvo þjóðgarðsverði á Norðursvæði, annan með starfsstöð í Ásbyrgi og hinn í Mývatnssveit.

Svæðisráð leggur eftirfarandi til við stjórn:

(a) Ekki verði auglýst starf þjóðgarðsvarðar með starfsstöð í Mývatnssveit heldur verði hálendisfulltrúa boðin tilfærsla í starfi.

(b) Þegar verði auglýst starf þjóðgarðsvarðar með starfsstöð í Ásbyrgi. Farið var yfir texta auglýsingar og formanni svæðisráðs falið að senda framkvæmdastjóra til auglýsingaað loknum fundi.

5. Ársfundur Svæðisráðs

Svæðisráð ákveður að fresta ákvörðun um tilhögun um ársfund til hausts vegna fyrirséðra starfsmannabreytinga.

6. Önnur mál

Svæðisráð Norðursvæðis vill koma á framfæri þökkum til Hjörleifs Finnssonar fyrir samstarfið og vel unnin störf á liðnum árum, en Hjörleifur situr nú síðasta fund svæðisráðs og lætur af störfum sem þjóðgarðsvörður.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið 16:30